

Þórir Einarsson heiðursdoktor 14.11.2008



Doctor mercatoriae honoris causa í viðskiptafræðideild

Þórir Einarsson lauk cand.oecon. prófi frá Háskóla Íslands 1957. Hann stundaði framhaldsnám við Universitat Hamburg og Institut fur Industrie- und Gewerbepolitik í Hamburg 1957-1960. Að nami loknu varð hann sérfræðingur hja Iðnaðarmálastofnun Íslands 1961-1971. Þórir gegndi starfi lektors við viðskiptadeild HÍ 1971-1972. Hann var dósent 1972-1974 og prófessor frá 1974-1995 með kennslu og umsjón í stjórnun og skyldum greinum eins og opinberri stjórnsýslu, stjórnun starfsmannamála, þjónustustjórnun, samningatækni og framtaksfræði (nú frumkvöðlafræði). Þórir var í rannsóknarleyfi við háskólana í Münster og Tubingen svo og við Colorado State University. Þórir gegndi starfi ríkissáttasemjara 1995-2003 og fékk heiðursmerki hinnar íslensku fálkaorðu 2002

Þórir hefur kennt víða m.a. við verkfræðideild Háskóla Íslands, Tækniskóla Íslands, og Verkstjórnarfræðsluna. Hann hefur setið í mörgum ráðum og nefndum. Á námsárum sínum sat Þórir í stúdentaráði. Hann var deildarforseti viðskiptadeildar 1976-1978 og 1986-1988. Þórir hefur setið í mörgum stjórnnum og nefndum fyrir Háskóla Íslands. Nefna má setu í Háskólanefnd, formennsku í Þróunarnefnd og Þróunarnefnd Háskólaráðs, formennsku í stjórn Háskólabíós og í bygginganefnd bíósins. Formennsku í stjórnsýslunefnd Háskólaráðs og setu í stjórn Happprættis Háskóla Íslands.

Ritstorf Þóris hafa tengst kennslugreinum hans, upphafi stjórnunarfræða á Íslandi, svo og stjórnsýslu og þróun Háskóla Íslands. Auk þess er hann meðhöfundur að viðskiptaorðabókum, ensk - íslenskri og íslensk - enskri.

Þórir Einarsson gegndi lykilhlutverki við uppbyggingu náms í stjórnun og skyldum greinum í Háskóla Íslands á áttunda og níunda áratug tuttugustu aldar. Viðskiptafræðideild finnst mikill fengur að því að heiðra einstakling sem hefur átt svo stóran þátt í að byggja upp kennslu í viðskiptafræði á Íslandi.

Af þessum sökum telur Háskóli Íslands sér það sæmdarauka að heiðra Þóri Einarsson með nafnbótinni doctor mercatoriae honoris causa.

Sé það góðu heilli gjört og vitað.